

Norðurþing
b/t Gaukur Hjartarson
Ketilsbraut 9
640 Húsavík

Reykjavík, 30. janúar 2020
UST201912-259/A.B.
10.04.00

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulag Norðurþings og nýtt deiliskipulag - Röndin á Kópaskeri

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings er barst 23. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2010 - 2030 og tillögu að nýju deiliskipulagi á svæðinu Röndin á Kópaskeri.

Ofangreind breytingartillaga felst í því að svæði sem er norðan megin við ósa Snartarstaðarlækjar og er skilgreint sem athafnasvæði í nágildandi aðalskipulagi Norðurþings, verði skilgreint sem iðnaðarsvæði sem nýta á fyrir fiskeldi á landi.

Í greinargerð kemur fram að viðfangsefni deiliskipulagsins er m.a. að afmarka lóð og byggingarreiti fyrir þjónustuhús, kerjapalla á útisvæði, fóðursíló, seyrutanka og borholur. Einnig kemur fram að stærð skipulagssvæðisins er 9,1 ha. Áætlað er að framleiðslugeta eldisins verði um 2000 tonn af laxaseiðum á ári.

Frárennsli

Í greinargerð kemur fram að frárennsli frá landeldisstöðinni verður leitt í lögn í allt að 4 metra út fyrir stórstraumsfjöru og út í strandstrauminn sem fer frá suðri til norðurs.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 798/1999 um fráveitu og skólp segir að öllu skólpi sem veitt er til sjávar skal veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum enda séu skilyrðin í 6. og 10. gr. uppfyllt. Auk þess segir að óheimilt er að leiða skólp þannig að frárennslisop opnist til hafna.

Stofnunin tekur fram að við vinnslu starfsleyfis landeldisstöðvarinnar verða losunarmörk næringarefna og lífrænna efna ákvörðuð út frá fóðurnotkun eldisins, hreinsun frárennslis og aðstæður við útrás í viðtaka.

Nýtingarleyfi

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 6. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu segir að nýting auðlinda úr jörðu er háð nýtingarleyfi Orkustofnunar.

Röndin


Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til nefnist Röndin við Kópasker og er númer 537 á náttúrumuinjaskrá flokkað sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst sem jarðmyndun frá lokum ísaldar (Kópaskersskeið), sjávarset með skeljum og jökulruðningi, en þar eru einnig minjar um hopunarsögu ísaldarjökulsins.

Að mati Umhverfisstofnunar mun tillagan hafa neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins, raska minjunum og rýra verndargildi svæðisins. Mikilvægt er að mati Umhverfisstofnunar er að forðast rask á náttúrumuinjunum eins og kostur er.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur